



Umsögn um matsskyldu

Fyrirhugað hænsnabú Matfugls ehf. að Tindstöðum í Eilífsdal

MÓTTAKANDI Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS)
MÁLSNÚMER Skipulagsgátt 0936/2026 • ONE 2608012
UMSAGNARAÐILI Kjósarhreppur
DAGSETNING 3. september 2026

NIÐURSTAÐA Kjósarhreppur telur að framkvæmdin sé líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis og einkum staðsetningar. Fyrirliggjandi gögn eru ekki nægileg til ákvörðunar um að framkvæmdin sé ekki matsskyld. Sveitarfélagið fer því fram á að framkvæmdin fari í fullt mat á umhverfisáhrifum.

Kjósarhreppur veitir umsögn þessa í tilefni af kynningu HMS á tilkynningu Matfugls ehf. um fyrirhugað hænsnabú að Tindstöðum, sbr. 20. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Umsögnin tekur mið af því hlutverki umsagnaraðila að meta hvort nægilega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, líklegum áhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun og hvort framkvæmdin eigi að fara í umhverfismat.

Afstaða Kjósarhrepps er jafnframt efnisleg: þauleldi af þessu umfangi samrýmist illa kyrrlátu landbúnaðar-, íbúðar-, frístunda- og útivistarlandslagi dalsins. Krafa um fullt umhverfismat felur því ekki í sér fyrirfram samþykki fyrir staðsetningunni. Hún er lágmarkskrafa um faglega rannsókn og gegnsæja málsmeðferð áður en frekari bindandi ákvarðanir verða teknar.

1. Umfang áformanna og staðsetning

Samkvæmt gögnum framkvæmdaraðila er fyrirhuguð uppbygging varanleg starfsemi í tveimur áföngum. Hún mun verða staðsett á jaðri Reykjavíkurborgar en mun snerta beint hagsmuni Kjósarhrepps og stærsti hluti daglegra áhrifa verður því ekki bundinn við sveitarfélagamörkin. Umfangið verður að meta sem eina heild, þótt uppbyggingin sé áfangaskipt. Nauðsynlegt er að afstaða sé tekin til fullrar nýtingar, tengdra mannvirkja, flutninga, áburðarnotkunar og nauðsynlegra innviða vegna framkvæmdarinnar.

Lykilatriði	Fyrirliggjandi umfang
Afkastageta	Allt að 39.900 stofnfuglar.
Mannvirki	Allt að 10.000 m ² heildarbyggingarmagn; fjögur löng eldishús sem stækka í síðari áfanga, þjónustu-/vinnsluhús, íbúðarhús, athafnasvæði og vegir.
Síló og búnaður	Allt að átta fódursíló; hæstu síló allt að 10 m, auk loftræstibúnaðar, lýsingar og annarra tæknimannvirkja.
Húsdýraáburður	Áætluð framleiðsla um 520–560 tonn á ári við fulla uppbyggingu.
Flutningar	Reglubundnir fódur-, fugla-, eggja-, áburðar- og þjónustuflutningar; í gögnum er vísað til ökutækja allt að 44 tonnum.
Aðkoma	Um Eyrarfjallsveg og brú yfir Kiðafellsá; leiðin liggur um byggð og nærri nýlegri íbúðaruppbyggingu við Morastaði.



2. Lagalegt mat og viðmið um matsskyldu

Framkvæmdin fellur undir flokk B samkvæmt tölulið 1.07 í 1. viðauka laga nr. 111/2021: þaueldi á alifuglum. Samkvæmt 18. gr. laganna er slík framkvæmd matsskyld ef hún er talin líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar. Við það mat ber að beita öllum viðeigandi viðmiðum 2. viðauka.

Viðmiðin kalla meðal annars á mat á heildarumfangi og hönnun, samlegð með annarri starfsemi, notkun lands, vatns og annarra náttúruauðlinda, úrgangi og mengun, slysa- og heilsuáhættu, núverandi og samþykktari landnotkun, burðargetu umhverfisins, umfangi áhrifa, fjölda fólks sem verður fyrir þeim, líkum, tíðni, varanleika, afturkræfni og mögulegum mótvægisáðgerðum.

Áætluð afkastageta, 39.900 fuglar, er jafnframt rétt neðan 40.000 fugla viðmiða sem koma fram annars vegar í reglugerð nr. 520/2015 og hins vegar í viðauka I við lög nr. 7/1998. Það er ekki sjálfstæð sönnun um áhrif, og hér er engin ályktun dregin um tilgang þessarar afmörkunar. Nálægðin við viðmiðin sýnir þó hversu varhugavert er að láta formleg stærðarmörk koma í stað staðbundins og heildstæðs mats á áhrifum starfseminnar.

Hér falla saman þrír sjálfstæðir þættir sem hver um sig kalla á varfærna niðurstöðu: mjög stór framkvæmd á dreifbýlismælikvarða, viðkvæm staðsetning í þröngum og kyrrlátum dal og veruleg áhrif yfir sveitarfélagamörk á innviði, íbúa og aðra landnotkun.

3. Fyrri afstaða Kjósarhrepps og ný gögn

Kjósarhreppur lagðist alfarið gegn áformunum við afgreiðslu málsins 6. mars 2024. Þá var meðal annars bent á umtalsverða umferð og ónæði í kyrrlátu landbúnaðarsamfélagi, nálæga íbúðar- og frístundabyggð, lyktarhættu, lélegan malarveg, rykmengun og veikbyggða brú yfir Kiðafellsá, auk erfiðra vetraraðstæðna.

Sú afstaða stendur óbreytt. Tilkynningin sem nú er til meðferðar sýnir ekki með nægilegum hætti að þeim atriðum hafi verið eytt, að áhrif hafi verið minnkuð þannig að þau teljist óveruleg eða að fyrir liggi bindandi lausnir á innviða- og þjónustumálum.

Opinber byggingarleyfisgögn Kjósarhrepps sýna jafnframt nýlega íbúðaruppbyggingu á lóðum við Morastaði. Við mat á núverandi og samþykktari landnotkun er því ekki nægilegt að miða við eldri eða almennar lýsingar á strjálbýli. Kortleggja þarf íbúa, samþykktar lóðir, frístundahús, ferðaþjónustu, búrekstur og viðkvæma viðtaka miðað við raunverulega stöðu árið 2026.

4. Landfræðileg tengsl og áhrif yfir sveitarfélagamörk

Þótt framkvæmdarsvæðið sé innan stjórnsýslumarka Reykjavíkurborgar er það í reynd hluti af daglegri samgöngu- og þjónustuheild Kjósarhrepps. Aðkoma, þungaumferð, vetraraðstæður og áhrif á nærliggjandi byggð verða fyrst og fremst innan Kjósarhrepps. Sama gildir um möguleg lyktar-, hávaða-, ásynðar- og útivistaráhrif.

Í opinberri fundargerð útboðsfundar Reykjavíkurborgar vegna Tindstaða árið 2019 var bókað að ekki væri hægt að tengjast veitum Reykjavíkurborgar eða Orkuveitu Reykjavíkur og að ekki væri gert ráð fyrir sorphirðu eða snjómokstri frá Reykjavík; væntanlegir eigendur þyrftu að leita til Kjósarhrepps um slíka þjónustu. Sú bókun sýnir að þjónustumálin voru frá upphafi óleyst. Hún felur ekki í sér samþykki Kjósarhrepps, loforð um þjónustu eða rétt framkvæmdaraðila til tengingar.

Aðalæð hitaveitu sem liggur um eða nærri landinu staðfestir heldur ekki afl, afhendingargetu, tengirétt eða fjármögnun. Áður en áhrif eru metin óveruleg þarf að liggja fyrir skrifleg staðfesting frá hverjum veitu- og þjónustuaðila um tæknilega getu, skilmála, kostnað, tímasetningu og ábyrgð.

Kjósarhreppur mótmælir því sérstaklega að þjónusta, vetrarþjónusta, viðbúnaður eða veitukerfi hreppsins séu sett fram sem gefin forsenda framkvæmdarinnar. Slíkt þarf sérstaka ákvörðun og eftir atvikum samning, að undangengnu mati á getu kerfa, jafnræði notenda og fullri kostnaðarábyrgð framkvæmdaraðila.



Gæti verið um ólögmdæta yfirfærslu á byrðum milli sveitarfélaga: Rétt er að undirstrika að eitt sveitarfélag (Reykjavíkurborg) getur ekki heimilað umfangsmikla atvinnuuppbyggingu innan sinna marka á þeirri forsendu að nágrannasveitarfélag (Kjósarhreppur) beri í reynd allan þjónustu-, innviða- og viðhaldskostnað án fyrirfram gerðs samkomulags.

Neitunarvald um nýtingu kerfa: Skýrt verði tekið fram að Kjósarhreppur hefur ekki skuldbundið sig til að veita aðgang að hitaveitu, snjómokstri eða annarri þjónustu og að framkvæmdaraðila sé óheimilt að leggja slíka nýtingu til grundvallar í umhverfisskýrslum eða skipulagi án formlegs samþykkis sveitarstjórnar Kjósarhrepps.

5. Landslag, ásýnd, kyrrð og ljósvist

Fjögur löng eldishús, þjónustu-/vinnsluhús, íbúðarhús, vegir, athafnasvæði, allt að átta síló og stöðug tæknibúnaður mynda saman iðnaðarlega ásýnd sem á fáa snertifleti við núverandi mælikvarða byggðar í dalnum. Almenn orðalag um að byggingar falli að landi eða trufla ekki útsýni er ekki fullnægjandi sönnun.

Leggja þarf fram samræmda landslags- og ásýndargreiningu sem:

- nær til fullrar uppbyggingar beggja áfanga, allra sílóa, vega, plana, girðinga, lýsingar, landmótunar og loftræstibúnaðar;
- byggir á sýnileikakorti og ljósmyndum/sjónlíkingum frá Eyrarfjallsvegi í báðar áttir, Morastöðum, næstu íbúðar- og frístundahúsum, ferðaþjónustu-, reið- og útivistarleiðum;
- sýnir sumar- og vetraraðstæður, fullvaxinn gróður og fyrstu starfsár áður en gróður hefur náð að skýla mannvirkjum;
- metur næturásýnd, öryggis- og vinnulýsingu og áhrif stöðugrar starfsemi á myrkur og kyrrð.

Kyrrð, lítil umferð, náttúruleg ásýnd og myrkur eru sjálfstæð umhverfisgæði og jafnframt undirstaða búsetu, útivistar og ferðaþjónustu. Þessi gæði verða ekki metin með því einu að mæla hljóð við lóðarmörk.

6. Lykt, loftgæði, hávaði og áhrif á heilbrigði

Fullyrðingar um litla lykt eða hverfandi ryk verða að byggjast á tölulegum forsendum og staðbundnum gögnum. Vindur eyðir ekki lykt, ammoníaki eða ryki heldur flytur efni og getur borið áhrif til íbúða og annarrar starfsemi eftir dalnum. Sérstaklega þarf að greina hægviðri, hitahvörf og aðstæður við mikla loftræstingu, hreinsun og áburðarmeðferð.

Fullnægjandi mat þarf að fela í sér:

- staðbundið vindafar og dreifingarreikninga fyrir lykt og ammoníak við venjuleg og verstu raunhæf rekstrarskilyrði;
- mat á ryki og lífrænum loftbornum ögnum, þar með talið frá húsum, fódurlosun, umferð og hreinsun;
- sérgreint mat á lykt við útmokstur, tímabundna geymslu, lestun, flutning og dreifingu 520–560 tonna húsdýraáburðar;
- hljóðreikninga fyrir viftur, varaafli, fódurblástur, þungaumferð, lestun og vinnu utan hefðbundins dagvinnutíma;
- kortlagningu allra viðkvæmra viðtaka og skýran samanburð við viðeigandi viðmið;
- rekstrar-, vöktunar- og viðbragðsáætlun með mælanlegum mörkum, skráningu kvartana og skyldu til úrbóta.

Reglugerð nr. 520/2015 kallar á að tekið sé mið af bestu aðgengilegu tækni og að dreifing lyktarmengunar sé takmörkuð eins og kostur er. Tilvísun til fyrirhugaðs búnaðar eða almennra starfsvenja nægir því ekki; sýna þarf fram á raunverulegan árangur, viðhald, varaúrræði og vöktun á staðnum.



7. Vatn, frárennsli, húsdýraáburður og orka

7.1 Neysluvatn, grunnvatn og frárennsli

Endanleg staðsetning og afkastageta fyrirhugaðrar vatnstöku þarf að liggja fyrir ásamt dæluþrófunum, grunnvatnslíkani og mati á áhrifum á vatnsból nágranna, grunnvatnsstöðu, Miðdalsá og tengd vatnshlot, votlendi og framtíðarnýtingu vatns. Greina þarf bæði meðalnotkun og hámarksnotkun við þrif, hitatoppa og bilanir.

Frárennislislausn sem byggir á settanki og siturlögn verður að vera hönnuð út frá raunverulegu magni og eðli þvotta- og sóttthreinsivatns. Sýna þarf staðsetningu, jarðvegs- og lektargögn, hreinsivirkni, fjarlægðir frá vatni og vatnsbolum, tæmingu, vöktun og viðbrögð við yfirfalli, leka eða frosti.

7.2 Húsdýraáburður

Áætluð 520–560 tonna árleg framleiðsla húsdýraáburðar er einn stærsti umhverfispáttur framkvæmdarinnar. Almenn yfirlýsing um nýtingu á ræktuðu og óræktuðu landi er of óákveðin. Áður en hægt er að meta áhrif þarf að leggja fram:

- nákvæman lista og kort yfir móttökuland, réttarstöðu þess og skriflega samninga við landeigendur/notendur;
- næringarefnabókald og mat á jarðvegi, upptöku plantna og núverandi áburðargjöf, þannig að ekki verði umframdreifing;
- geymslugetu og viðbragðsáætlun ef land, veður eða samningar leyfa ekki dreifingu;
- flutnings- og dreifingaráætlun með árstímum, fjarlægðum frá vatni, íbúðum og ferðaþjónustu og mati á lykt og afrennsli;
- samanlagt mat á áburði frá búinu og annarri búfjárfarsemi á móttökusvæðinu.
- Samkvæmt 2. viðauka laga nr. 111/2021 skal meta samlegðaráhrif með annarri starfsemi. Dreifing á yfir 500 tonnum af hæsnaskít árlega á jarðir í Kjós og Hvalfjarðarsveit felur í sér verulega hættu á næringarefnamengun (ammoníak, nítrat, fosfór) í vatnasviði Miðdalsár, Kiðafellsár og Laxár í Kjós, auk lyktarmengunar fyrir íbúa og ferðaþjónustu.
- Krefjast þess að förgun og nýting áburðarins sé metin sem óaðskiljanlegur hluti af heildarstarfseminni í umhverfismati, en ekki vísað til síðari einkaréttarlegra samninga

7.3 Heitt vatn, raforka og rekstraröryggi

Óljóst er hvernig fullri varma- og raforkuþörf þúsunda fermetra eldihúsnæðis verður mætt. Greina þarf árlega notkun og hámarksálag vegna upphitunar, loftræstingar, kælingar, lýsingar, þvotta og vinnslu; hvort tengja eigi hitaveitu eða rafkerfi í Kjós; hvaða styrkingar þurfi; og hver beri kostnað.

Leggja þarf fram áhættumat vegna rafmagnsleysis, bilunar í loftræstingu eða hitun, eldsvoða, vatnsskorts, smits eða fjöldadauða fugla. Þar þurfa að koma fram varaafli og varahitun, eldsneytisgeymsla, brunavarnir, aðgengi neyðarþjónustu, förgun dýra og mengunarvarnir. Hávaði og útblástur varaafli þarf að vera hluti af áhrifamatinu.

8. Umferð, brú, vegir og vetrarþjónusta

Reksturinn kallar á endurteknar ferðir þungra ökutækja vegna fódurs, lifandi fugla, eggja, húsdýraáburðar, úrgangs og þjónustu, auk daglegrar starfsmannaumferðar. Áhrifin ráðast ekki aðeins af meðalfjölda ferða heldur einnig af þyngd, öxulálagi, tímasetningu, samhliða umferð, vegaryki, hálfu og því hvort ferðir safnast á fáeina daga.

Fyrri afstaða Kjósarhrepps og gögn málsins vekja beinlínis spurningar um burðarþol brúarinnar yfir Kiðafellsá og hæfi Eyrarfjallsvegar fyrir reglubundna umferð ökutækja allt að 44 tonnum. Ekki er heimilt að gera ráð fyrir að úrbætur verði sjálfkrafa fjármagnaðar eða þjónusta augin af opinberum aðilum.



Umferðaröryggi og tillögur Vegagerðarinnar: Samkvæmt 1. og 2. mgr. 28. gr. vegalaga nr. 80/2007 skulu vegir lagðir í samræmi við skipulag og lega þeirra ákveðin að fenginni tillögu Vegagerðarinnar. Skipulagsyfirlögd geta ekki vikið frá faglegu mati Vegagerðarinnar ef það leiðir til minna umferðaröryggis, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í málum nr. 22 og 27/2020.

Forsendubrestur í tilkynningu framkvæmdaraðila: Þar sem minnisblað Vegagerðarinnar staðfestir að brúin yfir Kiðafellsá beri tæplega almenna umferð og þoli ekki 44 tónna þungaflutninga án verulegra endurbóta, getur HMS væntanlega ekki lagt til grundvallar að umhverfis- og samgönguáhrif séu óveruleg án þess að fyrir liggi samþykkt Vegagerðarinnar, fjármögnun og bindandi framkvæmdaáætlun um styrkingu mannvirkjana.

Áður en niðurstaða um óveruleg áhrif kemur til greina þarf að liggja fyrir:

- sundurgreind umferðarspá fyrir framkvæmda- og rekstartíma, báða áfanga og árstíðasveiflur;
- leiðarval, gerð ökutækja, heildarþyngd og öxulálag, ásamt sjálfstæðri burðarþols- og ástandsgreiningu brúar og vegar;
- mat á ryki, hávaða, titringi, slysaþættu og samspili við íbúa, gangandi, hjólandi og ríðandi vegfarendur;
- vetrarrekstraráætlun sem sýnir raunhæft aðgengi í snjó og hálfu og ábyrgð á mokstri, hálkuvörnum og lokunum;
- tímasett og kostnaðargreind úrbótaáætlun, skrifleg afstaða Vegagerðarinnar og annarra veghaldara og bindandi ákvæði um að framkvæmdaraðili beri þann viðbótarkostnað sem starfsemin orsakar.

9. Samræmi við skipulag og aðra landnotkun

Almenn landnotkunarflokkun sem landbúnaðarsvæði leiðir ekki sjálfkrafa til þess að þauleldi af hvaða stærð og gerð sem er samræmist skipulagi. Meta þarf raunverulegt umfang mannvirkja, álag á land, ásynd, nábyli og samræmi ólíkra nota.

Markmið 1.3 í Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2040 leggur bæði áherslu á matvælaframleiðslu og varðveislu náttúruríks umhverfis og góðs landbúnaðarlands. Aðgerð 1.3.2 gerir sérstaklega ráð fyrir að leitað sé leiða til að koma í veg fyrir árekstra landbúnaðar við frístundabyggð, útivist og náttúruvernd. Markmið 4.3 leggur jafnframt áherslu á að ólík útivistar- og ferðamennska geti farið saman. Framkvæmdaraðili þarf því að sýna fram á efnislegt samræmi við heildarstefnuna, ekki aðeins vísa til eins þáttar hennar.

Samkvæmt 28. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal gæta samræmis milli aðalskipulags aðliggjandi sveitarfélaga. Staðsetning á mörkum kallar á raunverulegt samráð og mat á skipulagi Kjósarhrepps, núverandi og samþykktir íbúðar- og frístundabyggð, ferðapjónustu, reið- og útivistarleiðum og hefðbundnum búrekstri. Lykt, umferð, hávaði og ásynd stöðvast ekki við sveitarfélagamörk.

Grein 5.2.1 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kveður afdráttarlaust á um að ef tillaga að deiliskipulagi tekur til svæðis sem liggur að sveitarfélagamörkum **skal haft samráð við viðkomandi sveitarfélag áður en tillagan er samþykkt til auglýsingar**. Kostnaður sem hlýst af kynningu í aðliggjandi sveitarfélagi greiðist af því sveitarfélagi sem ber ábyrgð á tillögunni.

41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 1 og úrskurður ÚUA nr. 69/2014 3 Rétt er að áréttu að nágrannasveitarfélagi ber að fá formlega kynningu á deiliskipulagstillögu á mörkum áður en ákvarðanir eru teknar.

Þá þarf að ljúka flokkun og mati á gæðum landbúnaðarlands áður en 10.000 m² uppbygging og tengd athafnasvæði eru réttlætt sem vernd eða skynsamleg nýting góðs landbúnaðarlands. Greina þarf varanlegt landtap, jarðvegsrask og möguleika til endurheimtar.



10. Ferðapjónusta, útivist og efnisleg verðmæti

Núverandi og fyrirhuguð ferðapjónusta í dalnum byggir á kyrrð, hreinu lofti, landslagi og trúverðugri sveitaupplifun. Sama á við um útivist, reiðmennsku og frístundanotkun. Áhrif á þessa nýtingu hafa ekki verið metin með samanburðarhæfum hætti.

Meta þarf meðal annars hvort og hvernig lykt, áskýndarbreytingar, þungaumferð, ryk, hávaði og lýsing geti:

- dregið úr aðdráttarafli og upplifun gesta;
- rýrt nýtingu, fjárfestingar og þróunarmöguleika ferðapjónustu;
- haft áhrif á fasteignir og önnur efnisleg verðmæti;
- takmarkað örugga notkun reið- og útivistarleiða;
- skert fjölbreytni atvinnulífs með því að þrengja að starfsemi sem byggir á umhverfisgæðum dalsins.

Þetta er ekki krafa um að eitt atvinnuform njóti sjálfkrafa forgangs fram yfir annað. Hún er krafa um að mótsagnir milli ólíkra nota og samfélagslegur kostnaður séu greind áður en varanleg staðsetning er ákveðin.

11. Valkostir og uppsöfnuð áhrif

Tilkynningin sýnir ekki fram á að Tindstaðir séu bestí eða eini raunhæfi staðurinn. Skortur á raunhæfum samanburði takmarkar möguleika HMS til að meta hvort unnt sé að komast hjá eða draga verulega úr áhrifum með annarri staðsetningu, minna umfangi eða breyttri hönnun.

Í fullu umhverfismati þarf að bera saman að minnsta kosti:

- fyrirhugaða staðsetningu og staðsetningar nær burðarmeiri vegum og öflugri veitum;
- staðsetningar fjær íbúðar-, frístunda- og ferðapjónustunotkun;
- minni afkastagetu, annan áfangaskiptingarhraða og breytta röðun eða lægri mannvirki;
- mismunandi lausnir fyrir hita, raforku, vatn, frárennsli og áburðarmeðferð;
- núllkost, þar sem framkvæmd verður ekki ráðist á þessum stað.

Uppsöfnuð áhrif verða að ná til fullrar uppbyggingar, tengdra veg- og veituframkvæmda, áburðardreifingar og annarrar núverandi og samþykkrar landnotkunar í dalnum.

12. Leyfi og þjónusta á verksviði Kjósarhrepps

Framkvæmdarsvæðið er innan Reykjavíkurborgar. Kjósarhreppur er því ekki skipulags- eða byggingarleyfisveitandi fyrir sjálf mannvirkin og telur ekki að nein leyfi á verksviði sveitarfélagsins liggi fyrir vegna þeirra.

Engu að síður kann framkvæmdin að kalla á ákvarðanir, afnot, samninga eða þjónustu sem snerta Kjósarhrepp eða innviði innan hans. Þar undir geta fallið tengingar við veitur, aukin vetrarþjónusta eða viðbúnaður, afnot eða framkvæmdir við vegi og aðrar ráðstafanir sem ekki verða taldar sjálfgefna. Hver slíkur þáttur er háður sérstakri málsmeðferð, getu, heimildum, fjármögnun og samþykki viðkomandi aðila.

Óháð ákvörðun um matsskyldu þarf framkvæmdin eftir atvikum skipulags- og byggingarleyfi Reykjavíkurborgar, leyfi viðeigandi mengunarvarnaryfirvalds, samþykki Matvælastofnunar, heimildir vegna vatnstöku og frárennslis og samþykki Vegagerðarinnar eða annars veghaldara vegna tenginga, brúar og vegaframkvæmda. Engin slík leyfisþörf dregur úr nauðsyn heildstæðs umhverfismats.



13. Niðurstaða og formlegar kröfur

Fyrirliggjandi gögn sýna ekki fram á að áhrif framkvæmdarinnar verði óveruleg. Þau sýna hins vegar umfangsmikla, varanlega og að mestu óafturkræfa breytingu á viðkvæmu dreifbýlislandslagi, ásamt óleystum spurningum um lykt, loftgæði, vatn, orku, frárennsli, áburð, umferð, vetraraðgengi, þjónustu og kostnað.

Kjósarhreppur fer því formlega fram á:

1. að HMS ákveði að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt 18. og 20. gr. laga nr. 111/2021, með hliðsjón af tölulið 1.07 í 1. viðauka og öllum viðeigandi viðmiðum 2. viðauka;
2. að matið taki til fullrar uppbyggingar beggja áfanga og allra tengdra framkvæmda og rekstrarþátta, þ.m.t. vegum, brú, veitum, vatnstöku, frárennsli, áburðargeymslu og -dreifingu og varaafli;
3. að sérstaklega verði metin áhrif á íbúa og samþykktu íbúðaruppbyggingu við Morastaði, frístundabyggð, ferðaþjónustu, búrekstur, útivist og efnisleg verðmæti innan Kjósarhrepps;
4. að unnin verði sannreynanleg landslags-, lyktar-, loftgæða-, hljóð-, umferðar-, vatns- og innviðagreining ásamt raunhæfu valkostamati;
5. að engin þjónusta, tenging eða kostnaðarþátttaka Kjósarhrepps verði lögð til grundvallar án skriflegrar ákvörðunar eða samnings við hreppinn;
6. að framkvæmdaraðili beri kostnað af þeim rannsóknum, innviðabótum, mótvægisaðgerðum og vöktun sem starfsemin kallar á, eftir því sem lög heimila;
7. að öllum efnislegum athugasemdum Kjósarhrepps, íbúa, landeigenda og annarra hagsmunaaðila verði svarað sérstaklega og rökstutt.

VARAKRAFA Telji HMS þrátt fyrir framangreint að ekki sé þegar sýnt fram á líkindi um umtalsverð áhrif, fer Kjósarhreppur fram á að ákvörðun verði ekki tekin fyrir en kallað hefur verið eftir fullnægjandi viðbótargögnum um framangreind atriði. Í ákvörðun verði þá rökstutt sérstaklega hvernig hvert viðeigandi viðmið 2. viðauka var metið og hvers vegna óvissa um staðsetningu, innviði og áhrif yfir sveitarfélagamörk leiðir ekki til matsskyldu.

Kjósarhreppur áskilur sér rétt til að leggja fram frekari gögn og röksemdir við áframhaldandi meðferð málsins, þar á meðal á skipulags- og leyfisstigi.

Undirritun

F.h. Kjósarhrepps

Jóhanna Hreinsdóttir
Sveitarstjóri Kjósarhrepps

Heimildir og málsgrunnur

- [1] [Skipulagsgátt – mál nr. 0936/2026](#) — Kynning á tilkynningu Matfugls ehf. um fyrirhugað hænsnabú að Tindstöðum.
- [2] [Kjalarnes – Tindstaðir, skipulagslýsing](#) — Reykjavíkurborg, 2023; upplýsingar um staðsetningu, umfang, mannvirki, áburð og aðkomu.
- [3] [Fundargerð 288. fundar sveitarstjórnar Kjósarhrepps](#) — 6. mars 2024, 8. mál; fyrri afstaða hreppsins og rök um umferð, brú, veg, vetraraðstæður, byggð og lykt.



- [4] [Fundargerð útboðsfundar vegna Tindstaða](#) — Reykjavíkurborg, 2019; bókun um veitur, sorphirðu og snjómokstur.
- [5] [Lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana](#) — Einkum 18.–20. gr. og 1. og 2. viðauki.
- [6] [Skipulagslög nr. 123/2010](#) — Einkum 28. og 30. gr. um samræmi og samráð aðliggjandi sveitarfélaga.
- [7] [Reglugerð nr. 520/2015 um eldishús alifugla, loðdýra og svína](#) — Viðmið um staðsetningu, mengunarvarnir, bestu aðgengilegu tækni og lykt.
- [8] [Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2040 – markmið 1.3](#) — Matvælaframleiðsla, varðveisla náttúruríks umhverfis og aðgerðir til að forðast árekstra ólíkra nota.
- [9] [Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir](#) — Viðauki I; stærðarviðmið vegna þauleldis alifugla.
- [10] [Skipulagsreglugerð nr. 90/2013](#) ↗